

## Fundargerð

Föstudaginn 6. mars 2020 var haldinn 6. fundur verkefnishóps um sveitarfélagið Suðurland.

Fundurinn var haldinn á Laugalandi.

Fundinn sátu:

Arndís Harðardóttir  
Eva Björk Harðardóttir  
Einar Freyr Elínarson  
Þorbjörg Gísladóttir  
Anton Kári Halldórsson, formaður  
Christiane L. Bahner  
Ágúst Sigurðsson  
Björk Grétarsdóttir  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir  
Valtýr Valtýsson  
Ásta Berghildur Ólafsdóttir  
Egill Sigurðsson  
Róbert Ragnarsson  
Jón Hrói Finnsson

Formaður setur fund kl. 09:00. Einar Freyr ritar fundargerð í tölvu.

1. Fundargerð síðasta fundar.  
Engar athugasemdir og skoðast hún því samþykkt.
2. Samskiptasáttmáli verkefnisins.  
Róbert kynnir drög að samskiptasáttmála.  
Fundarmenn undirrituðu sáttmálann og skoðast hann því samþykktur.
3. Verkefnisáætlun.
  - I. Kostnaðaráætlun verkefnisins.  
Lögð fram drög að kostnaðaráætlunin sem hljóðar upp á 29.540.595 kr. sem gera 5.908.119 kr. á sveitarfélag.
  - II. Bréf til jöfnunarsjóðs.  
Lögð fram drög að bréfi til jöfnunarsjóðs þar sem gerð er grein fyrir verkefninu og sótt um framlag úr sjóðnum vegna kostnaðar við verkefnið.  
Drög að kostnaðaráætlun og bréfi samþykkt og formanni falið að senda inn erindið.
4. Starfshópar.  
Róbert og Jón Hrói kynntu vinnufyrirkomulag starfshópa og tillögu að skipan í hópana.  
Samþykkt að fyrsti fundur starfshópa verði haldinn 11. mars nk. í Skógum. Fyrirkomulagið verði þannig að sameiginleg kynning verði fyrir alla starfshópa sem taka að henni lokinni til starfa og ráðgjafar fara á milli hópa.
5. Fundir með sveitarstjórnnum.  
Lagt fram minnisblað um fundi sem Róbert og Jón Hrói áttu með sveitarstjórnnum.
6. Aðkoma ríkisins. Starfshópur.  
Verkefnishópur framkvæmdi einfalda svót greiningu fyrir samgöngumál og forgangsraðaði verkefnum sem Sveitarfélagið Suðurland gæti unnið að.

7. Heimasíða.

Jón Hrói fór yfir stöðu mála en heimasíðan er í vinnslu og gert ráð fyrir að hún opni í næstu viku.

8. Næstu fundir verkefnishóps

- 20. mars í Zoom
- 3. apríl á Kirkjubæjarklaustri

Engin fleiri mál rædd.

Formaður slítur fundi kl. 12:45